

Bráðabirgðalög

Nr. 9.
26. febr.

um

breyting á og viðauka við lög 1. febrúar 1917 um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Það er verið borið fyrir Oss, að í lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, vanti heimild til að taka aðrar vörur en matvæli og eldivið eignarnámi, en óhjákvæmilegt hafi nú reynst, að landsstjórnin fái heimild til að taka einnig aðrar nauðsynjavörur eignarnámi, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlags 19. júní 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

3. gr. 4. liður nefndra laga 1. febrúar 1917 orðist þannig: Ennfremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju byggðarlagi eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi nauðsynjavörur hjá kaupmönnum, framleiðendum eða öðrum gegn fullu endurgjaldi. Landsstjórnin ákveður sjálf hverjar vörur skuli telja nauðsynjavörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 26. febrúar 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.